

Heimanám

Rannsóknir sýna að vel skipulagt heimanám og tiltekinn tími á dag til að sinna því eykur námsárangur. Það á einkum við um efri bekki grunnskólans.

Stefnuyfirlýsing:

Heimanám er óaðskiljanlegur hluti af því starfi sem fram fer í skólanum. Það þarf að taka mið af þroska, áhuga og aðstæðum hvers einstaklings og getur náð til allra námsgreina.

Skilgreining:

Hugtakið heimanám nær yfir allt nám utan hefðbundinnar kennslu og getur að hluta farið fram í skólanum

Heimanámið er skipulagt af kennara eða kennara og nemanda/foreldri. Nemendur og foreldrar bera ábyrgð á því að heimanámi sé sinnt í samræmi við skipulag.

Tilgangur og gildi:

Tilgangur heimanáms er margþættur. Með því gefst foreldrum tækifæri til að fylgjast með því mikla starfi sem börn þeirra inna af hendi í skólanum. Viðfangsefni taka m.a. til æfinga á áður kenndum þáttum og eru til að viðhalda leikni og auka hraða. Samvinna heimilis og skóla hvetur nemendur til starfa og eflir tengsl barna og foreldra. Nemendur læra að skipuleggja tíma sinn og taka meiri ábyrgð á náminu.

Ávinningur nemenda

- *Upprifjun, þjálfun og undirbúningur:*
 - að rifja upp efni sem unnið hefur verið með í skólanum
 - að auka hraða og viðhalda leikni
 - að kynna sér efni næsta tíma
 - að ljúka verkefnum sem byrjað var á í kennslustund.
- *Yfirfærsla:*
 - að yfirfæra þekkingu/kunnáttu á verkefni sem eru sambærileg við það sem unnið hefur verið í skólanum
 - að nýta þekkingu/kunnáttu til að vinna verkefni sem tengjast umhverfi og daglegu lífi.
- *Persónuþroski:*
 - að efla ábyrgðartilfinningu, sjálfstæði, þrautseigju og tímastjórnun.
- *Tengsl foreldra og barns:*
 - að koma á umræðum um mikilvægi menntunar, heimavinnu og náms
 - að stuðla að stuðningi og aðstoð foreldra.
- *Samskipti kennara og foreldra:*
 - að auðvelda kennurum að upplýsa foreldra um námið og tengja þá við námsefni barna sinna
 - að auðvelda foreldrum að fylgjast með gengi barna sinna.
- *Gagnkvæm samskipti við jafnaldra*
 - að hvetja nemendur til að vinna saman og ýta undir að þeir læri hver af öðrum.

Hlutverk nemenda:

- að skipuleggja heimanámið
- að sinna heimanámi samkvæmt áætlun/skipulagi þar um
- að ræða um námið við foreldra sína.

Hlutverk foreldra:

- að skapa góðar aðstæður til heimanáms
- að halda uppi jákvæðri umræðu um skólstarfið
- að setja upp í samráði við börn sín stundatöflu fyrir heimanám
- að styðja við nám barna sinna og hvetja þau til verka.
- að fylgjast með að heimanámi sé sinnt í samræmi við skipulag/áætlanir
- að leitast við að tengja heimanám daglegu lífi/umhverfi barna sinna
- að ræða gildi náms og menntunar við börn sín
- að hafa samband við skólann þurfi að koma einhverju á framfæri
- að koma ábendingum/athugasemdum varðandi heimanámið á framfæri.

Hlutverk kennara:

- að skipuleggja heimanámið
- að leitast við að tengja heimanám daglegu lífi nemenda
- að ákveða hvenær nemendur hvers árgangs fá í hendur upplýsingar um heimanám fyrir tiltekið tímabil og ákveða skiladag.
- að veita nemendum og foreldrum upplýsingar um heimanám
- að veita nemendum endurgjöf fyrir heimanám
- að fræða nemendur um námstækni sem m.a. nýtist í heimanámi

Viðmið um lengd heimanáms á dag:

- fimm daga vikunnar á unglingsstigi
- fjóra daga vikunnar á miðstigi og yngsta stigi
- í 1. bekk 10 mínútur
- í 2. ----- 20 -----
- í 3. ----- 30 -----
- í 4. ----- 40 -----
- í 5. ----- 50 -----
- í 6. ----- 60 -----
- í 7. ----- 70 -----
- í 8. ----- 80 -----
- í 9. ----- 90 -----
- í 10. --- 100 ----